

Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Ársreikningur 2008

Lífeyrissjóður starfsmanna
Búnaðarbanka Íslands hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Kt. 510169-4339

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8
Fylgiskjal: Úrdráttur úr fjárfestingastefnu	14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. (LSBÍ) er samtryggingasjóður. Ársreikningur sjóðsins er gerður í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og er gerður eftir sömu reikningskilaaðferðum og árið áður.

Iðgjöld til sjóðsins á árinu voru 97 millj. kr. vegna 166 sjóðfélaga, en þau voru 108 millj. kr. árið áður. Meðalfjöldi sjóðfélaga var 156.

Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 489 millj. kr., sem er 14% hækkun frá fyrra ári. Í árslok voru lífeyrisþegar 204.

Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris nam 13.969 millj. kr. í árslok 2008. Á árinu hækkaði hún um 1.014 millj. kr. eða um 7,8%. Nafnávöxtun ársins var 11,0%. Samkvæmt útreikningum tryggingafræðings á áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok, námu skuldbindingar sjóðsins 14.107 millj. kr. Eignir sjóðsins umfram skuldbindingar nema 899 millj. kr. Þegar tekið hefur verið tillit til endurmats eigna og framtíðariðgjalda.

Engir starfsmenn eru hjá sjóðnum, en Nýi Kaupþing banki hf. annast og kostar daglegan rekstur sjóðsins.

Eftir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Kaupþingi þann 9. október 2008 féll úr gildi rekstrarsamningur sjóðsins og Kaupþings. Þann 28. nóvember var undirritaður nýr rekstrarsamningur á milli sjóðsins og Nýja Kaupþings banka hf. Nýi Kaupþing yfirtók réttindi og skyldur gamla Kaupþings samkvæmt rekstrarsamningnum.


LSBÍ fór ekki varhluta af erfiðleikum á fjármálamörkuðum árið 2008. Með minnkun áhættu í eignastýringu sjóðsins ásamt íhaldssamri fjárfestingarstefnu undanfarinna ára tókst að draga verulega úr neikvæðum áhrifum fjármálakreppunnar á eignasafn sjóðsins. Á árinu voru t.d. öll hlutabréf sjóðsins í viðskiptabönkunum seld. Við fall bankanna varð verðmyndun óljós á hluta eigna sjóðsins. Eignirnar voru í kjölfarið endurmetnar í samráði við löggilta endurskoðendur. Við endurmatið var varúðar gætt og vonir standa til að endanleg niðurfærsla á eignum verði minni en endurmatið gerir ráð fyrir. Flest skuldabréf í eigu sjóðsins útgefin af viðskiptabönkunum voru gefin út fyrir einkavæðingu bankanna og eru því með ríkisábyrgð. Þau eru því ekki færð niður í ársreikningi sjóðsins.

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt þarf ekki að skerða réttindi eða lífeyri sjóðfélaga í tryggingadeild sjóðsins en til slíkra aðgerða þarf að grípa ef skuldbindingar sjóðsins eru 10% hærri en eignir.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2008 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4.mars 2009.

Stjórn



Framkvæmdastjóri



Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. fyrir árið 2008. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatid er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins, sem og mat á framsetningu hans í heild.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2008, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2008 og breytingu á handbæru fé á árinu 2008, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða.

Reykjavík, 4.mars 2009.

KPMG hf.



Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Iðgjöld:			
Iðgjöld sjóðfélaga		20.918	23.304
Iðgjöld launagreiðenda		75.984	85.096
		<u>96.902</u>	<u>108.400</u>
Lífeyrir:			
Lífeyrir	11	<u>488.906</u>	<u>427.579</u>
Fjárfestingartekjur:			
Tekjur af eignarhlutum	7	(161.217)	387.580
Vaxtatekjur og gengismunur	8,12	1.677.964	1.023.853
Niðurfærsla verðbréfa	19	(104.688)	0
		<u>1.412.059</u>	<u>1.411.434</u>
Rekstrarkostnaður:			
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	9,13	<u>5.604</u>	<u>3.630</u>
Hækkun á hreinni eign á árinu		1.014.452	1.088.625
Hrein eign frá fyrra ári		<u>12.954.380</u>	<u>11.865.757</u>
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	22	<u><u>13.968.832</u></u>	<u><u>12.954.380</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2008

	Skýr.	2008	2007
Fjárfestingar:			
Verðbréf með breytilegum tekjum		998.066	2.795.916
Verðbréf með föstum tekjum		12.540.598	9.623.870
Veðlán		341.984	317.206
	16-18	<u>13.880.648</u>	<u>12.736.992</u>
Kröfur:			
Ýmsar kröfur		<u>589</u>	<u>23.711</u>
Aðrar eignir:			
Sjóður og veltiinnlán		<u>97.417</u>	<u>213.556</u>
	Eignir samtals	<u>13.978.655</u>	<u>12.974.259</u>
Skuldir:			
Aðrar skuldir	21	<u>9.823</u>	<u>19.879</u>
	Skuldir samtals	<u>9.823</u>	<u>19.879</u>
Hrein eign til greiðslu lífeyris	22	<u>13.968.832</u>	<u>12.954.380</u>

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2008

	Skýr.	2008	2007
Inngreiðslur:			
Iðgjöld		96.902	108.400
Fjárfestingartekjur		62.546	47.869
Afborganir verðbréfa		923.974	826.747
Seld verðbréf með breytilegum tekjum		3.986.351	2.360.763
Seld verðbréf með föstum tekjum		529.517	302.662
		<u>5.599.290</u>	<u>3.646.441</u>
Útgreiðslur:			
Lífeyrir	11	488.906	427.579
Rekstrarkostnaður	13	5.604	4.075
Aðrar útgreiðslur		(10.988)	84.359
		<u>483.522</u>	<u>516.012</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og öðrum fjárfestingum		5.115.768	3.130.429
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum		2.971.935	2.371.703
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum		2.195.072	542.586
Ný veðlán		64.900	35.550
		<u>5.231.908</u>	<u>2.949.840</u>
(Lækkun) hækkun á sjóði og veltiinnlánnum		(116.139)	180.589
Sjóður og veltiinnlán í ársbyrjun		<u>213.556</u>	<u>32.968</u>
Sjóður og veltiinnlán í árslok		<u><u>97.417</u></u>	<u><u>213.556</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Upplýsingar um lífeyrissjóðinn

Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. er hlutfallssjóður og hefur verið lokaður fyrir nýjum sjóðsfélögum frá 1998. Sjóðsfélagar voru starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hf. í ársbyrjun 1998 og fluttu ekki réttindi sín í kjölfar þess að bankanum var breytt í hlutafélag.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum að öðru leyti en því að skráð hlutabréf, hlutdeildarskírteini, afleiðutengd skuldabréf og afleiðusamningar um hlutabréf og gjaldmiðla eru færðir á markaðsverði. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í þús. kr.

Stjórn og framkvæmdastjóri sjóðsins samþykkti ársreikninginn þann 4. mars 2009.

3. Mat og ákvarðanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu nr.10

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðir sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

5. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2008. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

6. Iðgjöld

Iðgjöld eru tekjufærð eftir skilagreinum sem hafa borist sjóðnum.

7. Tekjur af eignarhlutum

Undir tekjur af eignarhlutum fellur arður af hlutabréfum, söluhagnaður og óinnleystur gengismunur af hlutabréfum, bæði vegna breytinga í gengi bréffanna og gengi erlendra gjaldmiðla.

8. Vaxtatekjur og gengismunur

Undir vaxtatekjur og gengismun falla vaxtatekjur af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bundnum bankainnstæðum, auk vaxtatekna af iðgjöldum og veltiinnlánnum. Þá fellur undir þennan lið gengismunur af verðbréfum með föstum tekjum í erlendum gjaldmiðlum og breytingar á verði innlendra og erlendra hlutdeildarskírteina.

9. Rekstrarkostnaður

Nýi Kaupþing banki hf. greiðir rekstrarkostnað sjóðsins en sjóðurinn greiðir sjálfur fyrir eftirlitsgjöld, endurskoðun og tryggingastærðfræðing.

Skýringar, frh.:

10. Verðbréfaeign

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum og veðlán. Til verðbréfa með breytilegum tekjum teljast hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Til verðbréfa með föstum tekjum teljast skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum eða með tiltekna vaxtaviðmiðun. Til veðlána teljast skuldabréfalán með veði í fasteignum og lausafé.

Verðbréf með breytilegar tekjur eru eignfærð á markaðsverði í árslok ef um skráð verðbréf er að ræða, en óskráð bréf á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

Verðbréf með föstum tekjum sem hafa fasta vexti eru eignfærð miðað við þá ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á. Verðbréf með föstum tekjum sem hafa tiltekna vaxtamiðun eru eignfærð miðað við stöðu á undirliggjandi eignum sem mynda tiltekið vaxtaviðmið.

Veðlán eru eignfærð miðað við þá vaxtaviðmiðun sem fram kemur á viðkomandi skuldabréfaláni að teknu tilliti til niðurfærslu vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Við niðurfærsluna hafa sérstakar áhættur verið metnar jafnframt því sem reiknuð er almenn niðurfærsla.

Verðbréf eru færð niður í efnahagsreikningi vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftareikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast.

Lífeyrir

	2008	2007
11. Greiddur lífeyrir:		
Ellilífeyrir	409.375	345.543
Makalífeyrir	61.512	61.315
Örorkulífeyrir	16.706	19.665
Barnalífeyrir	457	584
Erfðagreiðslur	856	472
Lífeyrir samtals	488.906	427.578

Fjárfestingartekjur

12. Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:

Markaðsskuldabréf	2.108.778	943.519
Veðskuldabréf	73.157	30.515
Hlutdeildarskírteini	(561.166)	38.178
Aðrar vaxtatekjur	11.817	11.641
	1.632.585	1.023.853

Rekstrarkostnaður

13. Rekstrarkostnaður sundurliðast þannig:

Endurskoðun og gerð reikningsskila	846	943
Tryggingafræðingur	2.333	828
Fjármálaeftirlitsgjald	2.424	1.859
Annar kostnaður	1	0
	5.604	3.630

14. Á árinu voru ekki greidd laun né aðrar þóknanir til stjórnar eða framkvæmdarstjóra sjóðsins.

Skýringar, frh.:

	2008	2007
15. Þóknun til endurskoðenda sundurliðast þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	592	660
Gerð ársreiknings	254	283
	<u>846</u>	<u>943</u>

Eignir

16. Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:		
Eignarhlutir í félögum skráðum í Kauphöll Íslands:		
Kaupþing banki hf.	0	604.816
Landsbanki Íslands hf.	0	483.533
Exista hf.	0	33.575
	<u>0</u>	<u>1.121.924</u>
 Erlend hlutabréfaeign	 8.614	 6.071
 Hlutdeildarskírteini		
Innlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir	780.787	1.408.684
Erlendir verðbréfasjóðir, hlutabréfasjóðir	208.665	259.237
	<u>989.452</u>	<u>1.667.921</u>
 Verðbréf með breytilegum tekjum samtals	 998.066	 2.795.916

Eignarhlutir í Exista hf., Kaupþing banka hf. og Landsbanka Íslands hf. voru seldir á miðju ári 2008.

17. Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:		
Skuldabréf með ríkisábyrgð	10.928.473	8.125.510
Önnur skuldabréf með ríkisábyrgð	220.443	0
Skuldabréf lánastofnana	614.996	910.221
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	297.477	214.411
Skuldabréf fyrirtækja	479.209	373.729
	<u>12.540.598</u>	<u>9.623.870</u>

Áætlað markaðsverð bréfanna var 12.644 millj. kr. í árslok 2008.

18. Fjárfestingar skiptast þannig eftir gjaldmiðlum:	Í íslenskum krónum	Í erlendum gjaldmiðlum	Samtals
Verðbréf með breytilegum tekjum	789.391	208.675	998.066
Verðbréf með föstum tekjum	12.540.598	0	12.540.598
Veðlán	341.984	0	341.984
	<u>13.671.973</u>	<u>208.675</u>	<u>13.880.648</u>

19. Niðurfærsla verðbréfa greinist þannig		
Niðurfærsla í ársbyrjun	0	0
Niðurfærsla ársins	104.688	0
Niðurfærsla í árslok	<u>104.688</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh.:

20. Ávöxtun einstakra verðbréfaflokka var þannig á árinu 2008, en þá hefur verið tekið tillit til eignasamsetningar í einstökum verðbréfasjóðum:

	Raun- ávöxtun*	Viðmið**
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	4,9%	
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0,4%	
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana	3,9%	
Hlutabréf, innlend	(35,8%)	(94,3%)
Hlutdeildarskírteini, innlend	(52,1%)	
Gengistryggð bréf	3,1%	(4,0%)
Sjóðsfélagalán	7,4%	
Skuldabréf fyrirtækja	(19,9%)	

* Raunávöxtun:

Ávöxtun sjóðsins, umfram verðlagsbreytingar samkvæmt vísitölu neysluverðs, miðað við meðalávöxtun verðbréfaflokka í upphafi og lok árs.

** Viðmið:

Hlutabréf á aðallista Kauphallar Íslands.
Heimsvísitala Morgan Stanley (MSCI) í íslenskum krónum.

Skuldir

	2008	2007
21. Aðrar skuldir greinast þannig:		
Ógreidd staðgreiðsla af lífeyri	9.179	19.235
Aðrar skuldir	644	644
	<u>9.823</u>	<u>19.879</u>

Skuldbindingar

22. Samkvæmt tryggingafræðilegum útreikningi nemur heildar lífeyrisskuldbinding sjóðsins 15.182 millj. kr. í árslok 2008 miðað við 2% ársvexti og að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við rekstur sjóðsins. Endurmetin hrein eign deildarinnar í árslok 2008 er 16.072 millj. kr. eða 899 millj. kr. hærri. Lífeyrisskuldbinding sjóðsins í árslok 2008 greinist þannig:

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir:			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	13.969	0	13.969
Endurmat verðbréfa miðað við 3,5% vexti	1.432	0	1.432
Fjárfestingagjöld	(23)	0	(23)
Núvirði framtíðariðgjalda	0	703	703
Eignir samtals	<u>15.378</u>	<u>703</u>	<u>16.081</u>
Skuldbindingar:			
Ellilífeyrir	11.702	936	12.638
Örorkulífeyrir	274	26	301
Makalífeyrir	2.029	93	2.122
Barnalífeyrir	2	3	5
Dánarbætur	8	6	14
Rekstrarkostnaður	91	11	102
Skuldbindingar samtals	<u>14.107</u>	<u>1.075</u>	<u>15.182</u>
Eignir umfram skuldbindingar	1.271	(372)	899
Í hlutfalli af skuldbindingum	9,0%	(34,6%)	5,9%

Skýringar, frh.:

Kennitölur

23. Kennitölur:

	2008	2007	2006	2005	2004
Hrein raunávöxtun	(4,6%)	5,8%	6,5%	15,8%	19,0%
Nafnávöxtun	11,0%	12,0%	13,8%	20,6%	23,7%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin fimm ár	8,2%	11,5%	11,5%	9,6%	6,1%
Meðaltal hreinnar nafnávöxtunar síðastliðin fimm ár	16,1%	16,7%	15,8%	14,18	10,6%
Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin tíu ár	6,7%	8,3%			
Meðaltal hreinnar nafnávöxtunar síðastliðin tíu ár	13,1%	13,1%			
Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	7,2%	22,0%	20,1%	24,5%	20,4%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	86,0%	67,1%	64,5%	58,8%	57,5%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,1%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	4,3%	8,4%	12,9%	13,8%	17,7%
Veðlán, óskráð	2,5%	2,5%	2,5%	2,9%	4,3%
Eignir í íslenskum krónum	98,5%	97,9%	96,0%	98,0%	99,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	1,5%	2,1%	4,0%	2,0%	1,0%
Fjöldi sjóðfélaga	166	173	179	192	210
Fjöldi lífeyrisþega	204	187	188	182	173
Hlutfallsleg skipting lífeyris:					
Ellilífeyrir	83,7%	80,8%	73,9%	73,1%	77,0%
Makalífeyrir	12,6%	14,3%	9,1%	16,5%	18,9%
Örorkulífeyrir	3,4%	4,6%	15,4%	8,8%	3,9%
Barnalífeyrir	0,1%	0,1%	1,6%	1,6%	0,2%
Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt:					
Hrein eign umfram heildarskuldbind- bindingar	5,9%	0,3%	(1,4%)	0,2%	9,8%
Hrein eign umfram áfallnar skuld- bindingar	9,0%	3,5%	2,4%	4,1%	13,5%
Skilgreiningar:					
Hrein raunávöxtun	Raunávöxtun þegar kostnaður við rekstur sjóðsins hefur verið dreginn frá.				
Fjöldi sjóðfélaga	Meðaltal fjölda sjóðfélaga sem greiddi iðgjald á árinu.				
Fjöldi lífeyrisþega	Meðaltali fjölda lífeyrisþega sem fékk greiddan lífeyri á árinu.				

Fylgiskjal

Fjárfestingarstefna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. 2009 (úrdráttur)

Forsendur fjárfestingastefnu

Eignir Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. skulu ávaxtaðar í samræmi við 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktum sjóðsins og samkvæmt nánari reglum Fjármálaeftirlitsins.

Umfjöllun um réttindakerfi

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir er ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður ófær um að gegna starfi sínu eða missir einhvern hluta launa sinna og örorka er metin a.m.k. 10%, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga.

Sjóðfélagi sem lætur af starfi og orðinn er 65 ára á rétt á eftirlaunum úr sjóðnum sem miðast við meðallaun síðustu 5 almanaksár hans í starfi miðað við fullt starf. Umreikningur miðast við breytingu launavísitölu. Eftir að taka lífeyris er hafin breytist lífeyrir í sama hlutfalli og launavísitala. Fyrir hvert starfsár í fullu starfi ávinnst ellilífeyrisréttur sem er 2,125% af launaviðmiðun og fyrir hlutastarf samsvarandi. Sjóðfélagi sem hefur öðlast samanlagðan aldur og starfsaldur 95 ár getur látið af störfum þegar 60 ára og hafið töku lífeyris án skerðingar áunninna réttinda.

Réttindi þeirra sem höfðu látið af störfum hinn 31.12.1997 og áttu geymd réttindi vegna meira en sex ára starfs miðast við áunninn lífeyrisrétt 7.-9. greinar reglugerðar eftirlaunasjóðs bankans frá 24. mars 1992. Stjórn sjóðsins úrskurðaði viðmiðunarlaun í desembermánuði 1997, sem síðan breytast í hlutfalli við breytingu launavísitölu.

Auk þessa eiga erfingjar sjóðsfélaga í starfi og erfingjar þeirra sem eiga geymd réttindi vegna meira en sex starfsára og erfingjar lífeyrisþega rétt til eingreiðslu við fráfall sjóðfélaga.

Samantekt þessi um ákvæði samþykkt sjóðsins er ekki tæmandi og er um nánari upplýsingar vísað í samþykktirnar sjálfar um skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og iðgjaldagreiðslur.

Sjóðurinn tryggir áhættudreifingu vegna örorkuáhættu hjá Kaupþingi Líftryggingum hf.

Í samræmi við það sem að ofan greinir skal skipting verðbréfaeigna Lífeyrissjóðs starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf. í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér í töflunni að neðan. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er.

Fjárfestingarstefna Lsj. starfsmanna Búnaðarbanka Íslands hf.		
	Markmið	Vikmörk
Innlán í bönkum og sparissjóðum	0%	0%-25%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	85%	50%-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	5%	0%-10%
Skuldabréf og vixlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	5%	0%-15%
Fasteignatryggð skuldabréf	3%	0%-10%
Hlutabréf	2%	0%-15%
Önnur verðbréf	0%	0%-25%
Samtals	100%	
Hlutabréf	2%	0%-15%
Innlend hlutabréf	0%	0%-5%
Erlend hlutabréf	2%	0%-10%
Önnur verðbréf	0%	0%-25%
Skuldabréf fyrirtækja	0%	0%-15%
Annað	0%	0%-10%